



Ársskýrsla 2010



Forsíðumynd er af Svínafellsjökli.

Umsjón og hönnun: Lífeyrissjóður bænda.

Forsíðumynd: Halldóra Ólafs, ljósmyndari, www.halldoraolafs.com.

Myndvinnsla forsíðu: Halldóra Ólafs.

Prentun: Litróf ehf.

Letur: Times New Roman.



Ársskýrsla Lífeyrissjóðs bænda 2010

Ársskýrsla 2010

Efnisyfirlit

- 4 Stjórn og starfsmenn
- 5 Ávarp stjórnarformanns
- 6 Afkoma
- 7 Lífeyrir
- 7 Iðgjöld
- 9 Tryggingafræðileg staða
- 9 Verðbréfavíðskipti og lánveitingar
- 10 Verðbréfaeign
- 11 Sjóðfélagalán
- 12 Fjárfestingarstefna

Ársreikningur:

- 15 Áritun óháðs endurskoðanda
- 16 Skýrsla stjórnar
- 18 Yfirlit um breytingar á hreinni eign
- 19 Efnahagsreikningur
- 20 Sjóðstreymi

Stjórn

Fjármálaráðherra skipar fimm manna stjórn Lífeyrissjóðs bænda til fjögurra ára í senn. Einn er tilnefndur af Hæstarétti og skal hann vera formaður stjórnar, einn er tilnefndur af landbúnaðarráðherra, tveir af Bændasamtökum Íslands en einn er skipaður án tilnefningar. Varamenn eru tilnefndir á sama hátt.

Eftirtaldir hafa verið skipaðir í stjórn sjóðsins frá 1. janúar 2011 til ársloka 2014:

Aðalstjórn:

Skúli Bjarnason, formaður,
Rögnvaldur Ólafsson,
Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir,
Örn Bergsson og
Marianna Jónasdóttir.

Varastjórn:

Bergrind Svavarsdóttir,
Guðrún Lárusdóttir,
Sigurbjartur Pálsson,
Guðný H. Björnsdóttir og
Halldóra Friðjónsdóttir.

Í upphafi ársins 2011 gengu úr aðalstjórn Loftur Þorsteinsson og Guðmundur Grétar Guðmundsson og eru þeim færðar þakkir fyrir vel unnin störf í þágu sjóðsins.

Á árinu 2010 voru haldnir tíu stjórnarfundir og frá stofnun sjóðsins hafa verið haldnir 395 fundir.

Stjórn ber ábyrgð á starfsemi sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldurtryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sbr. ákvæði í samþykktum fyrir sjóðinn.

Starfsmenn

Í lok árs 2010 störfuðu eftirtaldir starfsmenn hjá sjóðnum:

Ólafur K. Ólafs, framkvæmdastjóri,
Borghildur Jónsdóttir, bókhald, lánainnh.,
Erla Stefánsdóttir, innheimta iðgjalda,
Sigrún Þóra Björnsdóttir, lífeyrismál,
gjaldkeri, lánamál og

Árdís Jóna Pálsdóttir, alm. skrifstofustörf.

Á liðnu ári óskaði Vala Rebekka Þorsteinsdóttir eftir að láta af störfum sem framkvæmdastjóri sjóðsins. Í kjölfarið var staða framkvæmdastjóra auglýst laus til umsóknar og í framhaldi af því ákvað stjórnin að ráða Ólaf K. Ólafsson í stöðu framkvæmdastjóra. Ólafur hefur starfað um þrjátíu ára skeið á fjármálamarkaði og er með próf í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og löggildingu í verðbréfa- viðskiptum frá Háskólanum í Reykjavík.



Ólafur K. Ólafsson

Endurskoðun fyrir sjóðinn var í höndum Ernst & Young hf., Árni Snæbjörnsson með ytri endurskoðun og Hrefna Gunnarsdóttir með innri endurskoðun.

Endurskoðunarnefndina skipuðu Guðbjörg H. Jóhannesdóttir, formaður, Bjarni Jónsson og Örn Bergsson.

Tryggingafræðileg athugun var í höndum Steinunnar Guðjónsdóttur, tryggingastærðfræðings.

Fjárvarsla fyrir sjóðinn var hjá Jökum-Verðbréfum hf og Eignastýringu Arion banka.

LSB er aðili að samningi Landssamtaka lífeyrissjóða við hóp lækna um örorkumöt, sem Júlíus Valsson læknir er í forsvari fyrir.

Greiðslustofa lífeyrissjóða sér um lífeyrisgreiðslur og ýmsar lífeyrisvinnslur fyrir sjóðinn og rekstur Jóakims Lífeyrissjóðakerfisins er höndum Init ehf.

Ávarp stjórnarformanns

Afkoma ársins 2010 var góð og skilaði Lífeyrissjóður bænda 4,1% hreinni raunávöxtun. Tryggingafræðileg athugun fyrir 2010 sýndi 8,8% halla á áföllnum skuldbindingum og 11,9% á heildarskuldbindingum. Samsvarandi tölur fyrir 2009 voru 10,4% og 13,3%. Staðan batnaði því miðað við fyrra ár og er innan þeirra marka sem lög kveða á um.

Lífeyrissjóður bænda er í hópi þeirra lífeyrissjóða sem komið hafa hvað best út úr hruninu. Sjóðurinn hefur ekki þurft að skerða réttindi öndvert við ýmsa aðra sjóði sem hafa þurft að beita skerðingum, sumir hverjir oftast en einu sinni. Um framtíðina er hins vegar erfitt að spá og veltur á miklu að áfram verði unnt að ávaxta fjármuni með ásættanlegri ávöxtun og lágmarks áhættu. Lífeyrissjóðurinn hefur nú til marga ára fylgt varfærinni stefnu í ávöxtun fjármuna sjóðfélaga og er nú að uppskera umbun þeirrar búmennsku. Stjórnendur sjóðsins voru aldrei slegnir blindu þeirrar gróðafiknar sem heltók samfélagið.

Lífeyrissjóður bænda er langtímafjárfestir og leggur það sjónarmið til grundvallar fjárfestingum og stýringu á verðbréfaeign sinni í því skyni að hámarka ávöxtun sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma að teknu tilliti til áhættu. Í ríkari mæli er horft til skuldbindinga sjóðsins og reynt að lágmarka líkur á því að skerða þurfi réttindi sjóðfélaga.

Lífeyrissjóður bænda er meðalstór lífeyrissjóður með tæplega 2900 greiðandi sjóðfélaga og með eignir upp á ríflega 22,6 milljarða króna, sem eru yfir 90% í fjárvörslu hjá tveimur aðilum, Jöklum-Verðbréfum hf. og Eignastýringu Arion banka. Áhersla hefur verið lögð á að reglur um fjárfestingar þurfa í ríkari mæli að ná

yfir gæði fjárfestinga og gagnsæi í viðskiptum.



Skúli Bjarnason

Sjóðfélagar eiga rétt á lánum úr sjóðnum í samræmi við veðmörk eigna, að hámarki 25 m.kr. til allt að 40 ára. Sjóðurinn hefur ákveðið að auka lánamöguleika sjóðfélaga sinna með því að bjóða upp á óverðtryggð lán til fimm ára, fyrstur lífeyrissjóða, auk verðtryggðra lána til allt að 40 ára með breytilegum eða föstum vöxtum.

Lífeyrissjóður bænda stendur traustum fótum, er vel rekinn og er með varfærna fjárfestingarstefnu. Sjóðurinn veitir sambærileg réttindi og aðrir sjóðir, en hjá honum er mikil sérþekking á högum bænda.

Að lokum vil ég þakka stjórnarmönnum, starfsfólki sjóðsins, endurskoðendum, tryggingastærðfræðingi og fjárvörslu-aðilum fyrir vel unnin störf á árinu 2010. Forsvarsmönnum og starfsfólki Bændasamtakanna er einnig þakkað gott samstarf.

Sjóðfélögum og lífeyrisþegum sjóðsins óska ég velfarnaðar í framtíðinni.

Skúli Bjarnason
stjórnarformaður

Afkoma



Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 22.620 m.kr. í árslok 2010 og hækkaði um 4,3% frá fyrra ári. Nafnávöxtun var 7,1% og raunávöxtun nam 4,4%. Hrein raunávöxtun nam 4,1% á árinu 2010 en hún var 0,6% 2009. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu fimm ára nemur -1,1% og síðustu tíu ára 1,2%. Útkoma ársins

2010 er jákvæð þegar horft til raunávöxtunar eignasafna hjá sjóðnum. Lífeyrissjóður bændna hefur ekki þurft að skerða réttindi í kjölfar efnahagshrunsins.

Lífeyrisréttindi sjóðsins eru verðtryggð og hafa því hækkað í takt við hækkun vísitölu neysluverðs.

Raunávöxtun

	2010	2009	2008	2007	2006
Hrein raunávöxtun	4,1%	0,6%	-17,9%	-1,1%	8,6%
Fimm ára meðaltal	-1,1%	-0,6%	0,7%	6,9%	6,0%
Tíu ára meðaltal	1,2%	0,4%	1,3%	4,2%	5,2%




Lífeyrir

Heildarlífeyrisgreiðslur námu 1.096 m.kr., sem er 6,3% hækkun greiðslna frá árinu 2009. Lífeyrir greiddur vegna áunninna réttinda hækkaði um 7% og nam 1.059 m.kr. Lífeyrir vegna bændra fæddra 1914 og fyrr lækkaði um 11,3% og nam 37,4

m.kr. Lífeyrir fylgir breytingum á vísitölu neysluverðs mánaðarlega en hún hækkaði um 2,6% á árinu.

Lífeyrisþegum hefur fjölgað á undanförunum árum og voru 3.895 í árslok 2010.

Hlutfallsleg skipting lífeyris 2010



Fjöldi lífeyrisþega

	2010	2009	% br.
Ellilífeyrir	2.820	2.769	1,8%
Örorkulífeyrir	270	278	-2,9%
Makalífeyrir	769	781	-1,5%
Barnalífeyrir	36	46	-21,7%
Samtals	3.895	3.874	0,7%

Lífeyrisgreiðslur, m.kr.

	2010	2009	% br.
Ellilífeyrir	882	806	9,4%
Örorkulífeyrir	86	97	-11,4%
Makalífeyrir	88	82	7,2%
Barnalífeyrir	4	4	-15,0%
Samtals	1.059	990	7,0%

Iðgjöld

Heildariðgjaldatekjur námu 509 m.kr., sem er 0,7% hækkun frá fyrra ári. Iðgjöld sjóðfélaga námu 151 m.kr., mótframlög 363 m.kr. og réttindaflutningar nettó voru neikvæðir um 5 m.kr. Greiðandi sjóðfélagar voru 2.822 á árinu 2010 samanborið við 2.898 á árinu 2009. Iðgjöld sjóðfélaga eru 4% af launum.

Hjá bændum miðast iðgjöld við reiknað endurgjald í landbúnaði eða greidd laun þar sem búrekstrarformi er þannig háttað, sbr. 1. og 2. mgr. 4. gr. laga nr. 12/1999.

Réttindaávinnsla

Réttindi í Lífeyrissjóði bændra voru fram til ársloka 2006 í jafnri réttindaávinnslu, þ.e.

sjóðurinn var stigastjóður. Frá 1. janúar 2007 reiknast réttindi í krónum samkvæmt

töflu sem fylgir samþykktum sjóðsins. Um er að ræða aldursháð réttindi sem ráðast af aldri sjóðfélaga í réttindamánuði. Allir sjóðfélagar yngri en 25 ára í árslok 2005 fá aldursháð réttindi og einnig þeir sem ekki uppfylla skilyrði til jafnarar réttindaávinnslu. Rétt til jafnarar ávinnslu réttinda hafa þeir sjóðfélagar sem voru 25 ára og eldri í árslok 2005, höfðu greitt iðgjöld í sjóðinn í

tiltekinn tíma fyrir 42 ára aldur og hefur verið úrskurðað viðmiðunariðgjald sem byggt er á greiddum iðgjöldum árið 2003. Réttur í jafnri ávinnslu miðast þá við allt að viðmiðunariðgjaldi en réttindi út á umframiðgjöld eru aldurstengd.

Iðgjaldagreiðendur

Lífeyrissjóður bænda innheimtir iðgjöld yfirstandandi árs af bændum sem reikna sér laun í landbúnaði og miðast innheimtan við reiknuð laun þeirra í staðgreiðslu samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra. Annars vegar er þeim haldið eftir af bein- greiðslum en hins vegar innheimt með greiðsluseðlum. Félagsbú og einkahluta- félög, þar sem bændur greiða sér laun, standa skil á iðgjöldum rekstraraðila mánaðarlega. Mikilvægt er fyrir bændur að gæta þess að reiknuð laun í staðgreiðslu séu ávallt rétt skráð hjá skattýfir- völdum til þess að innheimta verði sem réttust. Brýnt er og fyrir bændur að greiða

iðgjöld sín reglulega til að tryggja réttindi sín og komast hjá óþarfa innheimtu- kostnaði. Launþegar í landbúnaði greiða iðgjöld til Lífeyrissjóðs bænda og skila launagreiðendur iðgjaldinu ásamt eigin mótframlagi til sjóðsins mánaðarlega. Bændur sem stunda atvinnu utan bús greiða einnig iðgjöld af þeim atvinnutekjum til sjóðsins ef þeir kjósa svo. Ríkisskattstjóri hefur eftirlit með greiðslum landsmanna í lífeyrissjóði og innheimtir sjóðurinn van- goldin iðgjöld samkvæmt innheimtu- beiðni hans.

Aldursdreifing

Meðalaldur greiðandi sjóðfélaga í lífeyrissjóðnum er hár. Á árinu 2010 voru 17% greiðenda undir 40 ára aldri, 60% voru á aldrinum 40 - 59 ára og sjóðfélagar 60 ára og eldri voru 23%. Ástæða þessarar aldursdreifingar er lítil nýliðun í bændastétt.

Aldursdreifingin hefur áhrif á niðurstöður tryggingafræðilegs uppgjors sjóðsins að því leyti að skuldbindingar verða enn hærri eftir því sem greiðendur eru eldri. Eftir því sem aldurstenging réttinda eykst hjá sjóðnum næst meira jafnvægi.

Aldursskipting virkra sjóðfélaga 2010

Aldur	Hlutfall %
16 - 19	1,3%
20 - 29	4,8%
30 - 39	11,3%
40 - 49	27,9%
50 - 59	31,7%
60 - 69	22,2%
70	0,8%

Skipting iðgjalda 2010 eftir aldri sjóðfélaga

Aldur	Hlutfall %
16 - 19	0,1%
20 - 29	1,2%
30 - 39	5,6%
40 - 49	24,2%
50 - 59	39,3%
60 - 69	29,6%
70	0,2%

Tryggingafræðileg staða

Í tryggingafræðilegri úttekt felst að reikna annars vegar áfallnar skuldbindingar miðað við áunninn rétt sjóðfélaga og hins vegar heildarskuldbindingar miðað við að virkir sjóðfélagar greiði áfram til sjóðsins þar til þeir hefja töku lífeyris. Við úttektina er miðað við að ávöxtun sjóðsins á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs.

Tryggingafræðileg úttekt miðað við árslok 2010 sýnir 8,8% halla á áföllnum skuldbindingum og 11,9% á heildarskuldbindingum. Sambærilegar tölur fyrir 2009 voru 10,4% 13,3%. Staðan batnaði því miðað við fyrra ár og er innan þeirra marka sem lög kveða á um. Nýjar tölur um lífslíkur þar sem gert er ráð fyrir lengri

meðalævi en áður, hækkuðu skuldbindingar sjóðsins og höfðu neikvæð áhrif á tryggingafræðilega stöðu.

Lífeyrissjóður bænda er í hópi þeirra lífeyrissjóða sem komið hafa hvað best út úr hruninu. Sjóðurinn hefur ekki þurft að skerða réttindi öndvert við ýmsa aðra sjóði sem hafa þurft að beita skerðingum, sumir hverjir oftast en einu sinni. Hrein raunávöxtun sjóðsins 2010 var 4,1% og er sú ávöxtun betri en gert er ráð fyrir í tryggingafræðilegri úttekt. Um framtíðina er hins vegar erfitt að spá og veltur á miklu að áfram verði unnt að ávaxta fjármuni með ásættanlegri ávöxtun og lágmarks-áhættu.

Tryggingafræðileg staða í m.kr.

Áfallin staða	2010	2009
Eignir	23.458	22.331
Skuldbindingar	25.719	24.932
Samtals	-2.261	-2.601
% af skuldbindingum	-8,8%	-10,4%

Heildarstaða	2010	2009
Eignir	28.407	27.308
Skuldbindingar	32.261	31.512
Samtals	-3.854	-4.204
% af skuldbindingum	-11,9%	-13,3%

Verðbréfiðskipti og lánveitingar

Á liðnu ári ráðstafaði sjóðurinn 6.903 m.kr. til lánveitinga og verðbréfakaupa og

seldi verðbréf fyrir 6.368 m.kr. Kaup verðbréfa umfram sölu nam því 535 m.kr.

Verðbréfiðskipti 2010

Í milljónum króna

	Kaup	Sala	kaup-sala
Sjóðfélagalán	162	0	162
Íbúðabréf	2.550	298	2.252
Önnur ríkistryggð bréf	672	982	-310
Sveitarfélög og með ábyrgð sveitarfélaga	394	104	290
Fyrirtæki	299	37	262
Innlend hlutabréf og hlutdeildarskírteini	2.040	3.265	-1.225
Erlend verðbréf	787	1.682	-895
Samtals	6.903	6.368	535

Verðbréfakaup í m.kr., hlutfallsleg skipting


	2010	%	2009	%
Sjóðfélagalán	162	2,3	422	6,3
Íbúðabréf	2.550	36,9	3.872	58,1
Önnur ríkistryggð bréf	672	9,7	1.043	15,6
Fjármálastofnanir	0	0,0	70	1,1
Fyrirtæki	299	4,3	513	7,7
Sveitarfélög	394	5,7	90	1,3
Erlendir verðbréfasjóðir	669	9,7	349	5,2
Íslenskir verðbréfasjóðir	2.040	29,5	244	3,7
Innlend hlutabréf	0	0,0	62	0,9
Erlend hlutabréf	118	1,7	0	0,0
Fjárfestingar samtals	6.903	100,0	6.664	100,0

Verðbréfaeign

Verðbréfaeign nam 22,4 milljörðum króna í árslok 2010 samanborið við 21,9 milljarða króna í árslok 2009. Hlutfall innlendra verðbréfa hefur aukist, einkum

ríkistryggðra, þar sem nógildandi gjaldeyrishöft setja skorður á erlendar fjárfestingar.

Verðbréfaeign í m.kr., hlutfallsleg skipting



Sjóðfélagalán

Á árinu 2010 voru veitt 11 lán til sjóðfélaga og voru ný útgreidd lán að fjárhæð 162 m.kr. Heildarfjárhæð útistandandi lána var 1623 m.kr. í lok árs 2010, jókst um 11,3% á árinu.

Hámarkslánsfjárhæð verðtryggðra lána með ákvæði um fasta eða breytilega vexti er 25 m.kr. til allt að 40 ára. Jafnframt eru í boði óverðtryggð lán til allt að fimm ára þar sem hámarkslánsfjárhæð er 10 m.kr. Ekki eru veitt lán til fyrirtækja. Aðeins er lánað gegn fasteignaveði og veði í jörðum. Til grundvallar er lagt áætlað söluverð samkvæmt mati.

Veðsetningarhlutföll:

Jarðeignir allt að 55% af áætluðu söluverði. Nái veðsetning ekki 70% af fasteignamati þarf alla jafnan ekki sölumat. Veð eru að jafnaði tekin í heilum jörðum. Dæmi eru þó um að

ný íbúðarhús á sérlóðum og einstaka landspildur, t.d. undir sumarhús, séu undanskilin. Meginreglan er að skerðingin hafi ekki afgerandi áhrif á veðhæfi og sölumöguleika jarðarinnar.

Íbúðarhúsnæði allt að 45% af áætluðu söluverði. Stuðst er við sölumat löggilts fasteignasala. Ekki er lánað út á ósamþykktar íbúðir og ekki ef fasteignamat er undir 4 m.kr. Veðsetning má ekki fara yfir 80% af brunabótamati.

30% af áætluðu söluverði af hestúsum og sérhæfðu atvinnuhúsnæði, t.d. gróðurhúsum. Miðað er að hámarki við áætlað söluverð samkvæmt sölumati löggilts fasteignasala. Ekki er lánað út á eignir ef fasteignamat er undir 4 m.kr. Veðsetning má ekki fara yfir 80% af brunabótamati.



Stjórn Lífeyrissjóðs bænda sem skipuð var frá 1. janúar 2011 til ársloka 2014.

Efri röð f.v.: Ólafur K. Ólafsson, framkvæmdastjóri, Örn Bergsson og Rögnvaldur Ólafsson.

Neðri röð f.v.: Vigdís M. Sveinbjörnsdóttir, Skúli Bjarnason, formaður, og María Jónasdóttir.

Fjárfestingarstefna 2011

Lífeyrissjóður bænda (LSB) er langtímafjárfestir og leggur það sjónarmið til grundvallar fjárfestingum og stýringu á verðbréfaeign sinni í því skyni að hámarka ávöxtun sjóðsins með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma að teknu tilliti til áhættu. Eignir skulu ávaxtaðar í samræmi við lög, einkum 36. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 8. gr. samþykktar LSB og samkvæmt reglum Fjármálaeftirlitsins.

Fjárfestingarstefna LSB tekur mið af stöðu sjóðsins og þar sem lífeyrisbyrði er óhagstæð hjá sjóðnum þarf stefnan að vera varfærin. Markmið um vægi skuldabréfa í fjárfestingarstefnunni hefur verið hátt. Um langt skeið var markmið um vægi skuldabréfa 65% en í kjölfar bankahrunsins 2008 var það hækkað í 85%. Í fjárfestingarstefnu 2011 er markmið um skuldabréf fjármálafyrirtækja lækkað úr 5% í 0% og markmið ríkisskuldabréfa hækkað samsvarandi, úr 60 í 65%.

Forsendur fjárfestingarstefnu

Lífeyrissjóður bænda er meðalstór lífeyrissjóður með tæplega 2900 greiðandi sjóðfélaga og með eignir upp á ríflega 22 milljarða króna, sem eru yfir 90% í fjárvörslu hjá tveimur aðilum, Jöklumverðbréfum hf. og Eignastýringu Arion banka hf.

Fjárfestingarstefna LSB hefur lítið breyst utan vikmarka á árunum 2001 til 2009. Stefnan er mótuð til lengri tíma, til allt að 5

Í ríkari mæli er horft til skuldbindinga LSB og reynt að lágmarka líkur á því að skerða þurfi réttindi sjóðfélaga. Þar skiptir miklu máli líftími skuldbindinga, þ.e. væntar lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum. Því er mikilvægt að fjárfestingarstefnan taki tillit til samspils eigna og skuldbindinga, sem endurspeglar réttindi sjóðfélaga í framtíðinni.

Áfram er mikilvægt að hafa mismunandi eignaflokka í verðbréfasafni sjóðsins til að ná fram áhættudreifingu. Í núverandi markaðsástandi er hins vegar ekki jafnmörgum kostum til að dreifa og áður.

Stjórnin hefur ákveðið að ekki verði fjárfest í neinum stefnumarkandi eða skuldbindandi fjárfestingum til lengri tíma án sérstaks samþykkis stjórnar. Með tilliti til þess sem hér hefur komið fram og miðað við stöðu sjóðsins og aldursamsetningu sjóðfélaga telur stjórn sjóðsins rétt að halda vægi innlendu skuldabréfanna áfram háu.

ára, og eignasamsetning er innan vikmarka gildandi stefnu. Niðurstöður áhættumats og úttekt á fjárfestingarstefnu LSB sem byggir á framtíðargreiðsluflæði miðað við gildandi samþykktir sjóðsins eru þær að ekki sé ráðlegt að taka meiri áhættu en felst í núverandi fjárfestingarstefnu. LSB mun hins vegar nýta vel þau tækifæri sem bjóðast til ávöxtunar þannig að traustur vöxtur verði á eignasafni sjóðsins í framtíðinni.

Markaðsyfirlit og horfur

Innlendur hlutabréfa- og skuldabréfa-markaður mun stækka á næstu árum en þó er ljóst að í kjölfar efnahagshrunsins og þeim trúnaðarþresti sem orðið hefur milli fjárfesta og útgefanda skuldabréfa að uppbygging innlendra verðbréfamarkaða mun taka tíma. Ljóst er að framboð

fjárfestingakosta er takmarkað og aðallega er um að ræða ríkisskuldabréf og innlán.

Mikið hefur verið kynnt af opinberum stórfamkvæmdum þar sem hugmyndum um aðkomu lífeyrissjóðanna hefur verið varpað fram. Vöxtur lífeyrissjóðakerfisins svo og eftirspurn fjárfesta eftir fjárfestingakostum mun að öðru óbreyttu verða meiri

heldur en framboð ríkisskuldabréfa og þetta ásamt lækkandi vöxtum, áframhaldandi en þó stigminnkandi verðbólguþrýstingi getur leitt til þess að skuldabréf munu áfram gefa góða ávöxtun.

Í núverandi umhverfi þar sem gjaldeyrishöft eru við líði er vandmeðfarið að spá fyrir um gengi íslensku krónunnar. Gjalddeyrishöft hindra að fjárfestar geti óheft skipt krónum í erlendan gjaldeyri með tilheyrandi veikingu krónunnar. Ólíklegt er í ljósi aðstæðna að höftum verði

aflétt í bráð og þegar og ef til þess kemur mun það verða gert í smáum skrefum.

Líklegast er að gengi krónunnar muni sveiflast á þröngu bili horft til ársins 2011 að því gefnu að ekki verði um verulega breytingu á fyrirkomulagi gjaldeyrismála hér á landi með fyrirvara um þá óvissu sem framtíð íslensku krónunnar er háð.

Verðbólga hefur farið lækkandi. Áfram verður áherslu á verðtryggingu í eignasafni þar sem skuldbindingar sjóðsins eru verðtryggðar.

Mat á áhættu

Stjórn LSB hefur rætt viðhorf sitt til áhættu og væntingar um ávöxtun og vill ná betri langtíma raunávöxtun en fæst með því að fjárfesta eingöngu í skuldabréfum. Stjórnin vill þó ekki taka mikla áhættu sem getur leitt til þess að skuldbindingar hækki mikið. Viðhorf til áhættu gerir það að verkum að fjárfestingarstefna sjóðsins þarf að vera varfærin.

Samkvæmt gefnum forsendum um ávöxtun verðbréfaflokka er vænt raunávöxtun LSB

til lengri tíma 4,1% en markmið sjóðsins er að ná a.m.k. 3,5% langtímarauðvöxtun. Í mati á væntri ávöxtun skuldabréfasafns er miðað við 3,5% verðtryggða ávöxtunarkröfu. Við mat á staðalfráviki skuldabréfasafns er notast við söguleg gögn síðustu fjögur ár. Gert er ráð fyrir að vænt raunávöxtun og horfur á innlendum verðbréfa-markaði séu í ljósi efnahagsaðstæðna háð mikilli óvissu.

Markmið um eignasamsetningu

Skipting verðbréfaeignar LSB skal í grófum dráttum miðuð við þau eignamörk sem tilgreind eru hér á eftir. Eignaskipting getur farið tímabundið út fyrir tilgreind mörk, m.a. vegna skyndilegra breytinga á markaðsgengi verðbréfa. Skal þá leitast við að lagfæra

hlutföll í eignasamsetningu eins fljótt og mögulegt er, þó að teknu tilliti til hagsmuna LSB. Erlendar fjárfestingar í heild skulu þó aldrei fara yfir 40% af eignum. Vikmörk eru ætluð fyrir sveiflur og til að nýta tækifæri á mörkuðum.

Eignasamsetning 31. desember 2010:		
Innlán í bönkum og sparisjóðum		1,5%
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs		59,9%
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga		4,5%
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana		0,9%
Fasteignaveðtryggð skuldabréf		7,0%
Hlutabréf		19,0%
Önnur verðbréf		7,2%
Samtals:		100%

Viðmið um eignasamsetningu í fjárfestingarstefnu:	Markmið	Vikmörk %
Innlán í bönkum og sparisjóðum	0%	0/25
Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	65%	45/100
Skuldabréf bæjar- og sveitarfélaga *	5%	0/10
Skuldabréf og vixlar banka, sparisjóða og annarra lánastofnana*	0%	0/5
Fasteignaveðtryggð skuldabréf *	10%	0/15
Hlutabréf	15%	0/30
Önnur verðbréf	5%	0/30
Samtals:	100%	

Hlutabréf – sundurliðun milli innlendra og erlendra hlutabréfa:

	Stefna	Lágmark	Hámark
Hlutabréf	15%	0%	30%
Innlend hlutabréf	0%	0%	5%
Erlend hlutabréf	15%	0%	25%

Önnur verðbréf – sundurliðun:

	Stefna	Lágmark	Hámark
Önnur verðbréf	5%	0%	30%
Skuldabréf fyrirtækja	4%	0%	10%
Erlend skuldabréf **	0%	0%	20%
Sérhæfðar fjárfestingar ***	1%	0%	5%

* Meginreglan við nýfjárfestingar er að fara ber eftir greiningu á fjárhagslegri stöðu svo og gæðamati frá hendi fjárvörsluaðila á skuldara, þ.e. viðkomandi sveitarfélags, fjármálafyrirtækis eða fyrirtækis fremur en eingöngu væntri ávöxtun við fjárfestingu. Við nýfjárfestingu er miðað við að ekki sé fjárfest fyrir meira en 1% af markaðsvirði fjárvörsluhluta í skuldabréfum sveitarfélaga, fjármálafyrirtækja eða fyrirtækja nema að fengnu samþykki framkvæmdastjóra.

** 45% af erlendu skuldabréfasafni þarf að lágmarki vera í ríkistryggðum skuldabréfum eða sjóðum þar sem undirliggjandi fjárfesting er í ríkisskuldabréfum.

*** Undir sérhæfðar fjárfestingar falla m.a. fjárfestingar sem á ensku nefnast „Alternative Investments“. Þar á meðal eru vogunarsjóðir (Hedge Funds), framtaksfjárfestingar (Private Equity) og fasteignasjóðir (Real Estate). Fjárfestingar undir þessum flokki sem fela í sér skuldbindingu fyrir LSB þarf að fá samþykki fyrir hjá stjórn sjóðsins.

Fjárfestingaákvörðanir sem teljast óvenjulegar og/eða fela í sér mikla áhættu skal bera undir framkvæmdastjóra sjóðsins samkvæmt frekari skilgreiningu frá honum til fjárvörsluaðila.

Þar sem eignasafns sjóðsins skiptist á fleiri en einn fjárvörsluaðila er tekið fram að fjárvörslusafn hvers aðila um sig takmarkast af fjárfestingarheimildum laga nr. 129/1997 líkt og um heildarsafnið væri að ræða.

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Lífeyrissjóð bænda

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Lífeyrissjóðs bænda fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma áritun og skýrslu stjórnar, yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um ársreikninga lífeyrissjóða. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sjóðsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits sjóðsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2010, efnahag þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábending

Án þess að gera um það fyrirvara í álit okkar viljum við vekja athygli á skýringu nr. 20 sem fjallar um mat og framsetningu skulda tengdum framvirkum gjaldmiðlasamningum. Óvissa ríkir um endanlega niðurstöðu um uppgjör samninganna.

Reykjavík 25. febrúar 2011

Árni Snæbjörnsson
löggiltur endurskoðandi
Ernst & Young hf.

Skýrsla stjórnar

Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 12/1999 um Lífeyrissjóð bænda og lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisséttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Nánari reglur um framkvæmd laganna eru í samþykktum sjóðsins.

Fjöldi sjóðfélaga, iðgjöld og lífeyrisgreiðslur

Á árinu 2010 greiddu 2.822 sjóðfélagar 151 m.kr. iðgjöld til Lífeyrissjóðs bænda, sem er 6,1% aukning frá fyrra ári. Heildariðgjaldtekjur námu 509 m.kr., sem er 0,7% hækkun frá fyrra ári. Heildarlífeyrisgreiðslur námu 1.044 m.kr. til 3.507 lífeyrisþega, sem er 5,5% hækkun greiðslna frá árinu 2009.

Um mótframlag bænda

Lög um sjóðinn kveða á um að mótframlag á móti iðgjöldum bænda skuli greitt af sjóðfélögum nema samið sé um greiðslu þess úr ríkissjóði í búvörusamningi eða með öðrum sambærilegum hætti. Ríkissjóður hefur greitt framlag til sjóðsins vegna sauðfjár- og mjólkurframleiðslu. Framlag ríkisins á fjárlögum ársins 2010 var lækkað um 45% frá árinu 2009 eða um 147 m.kr. Til viðbótar komu síðan 294 m.kr. á fjáráukalögum 2010 þar sem fram kemur að með þessari viðbótarfjárveitingu muni framlög ríkissjóðs til sjóðsins falla niður frá og með árinu 2011. Af 8% mótframlagi sjálfstætt starfandi bænda, mun helmingur þess verða greiddur með framangreindu framlagi frá og með ársbyrjun 2011 á meðan það endist. Eftir það munu bændur greiða fullt mótframlag eins og aðrir atvinnurekendur.

Rekstrarkostnaður og fjárfestingargjöld

Á árinu 2010 námu rekstrarkostnaður og fjárfestingargjöld 93 m.kr. en voru 98,7 m.kr. árið áður, sem 7,8% lækking milli ára. Launakostnaður sjóðsins, þ.m.t. stjórnar og endurskoðunarnefndar, nam 42,7 m.kr. árið 2010 og skiptist þannig að heildarfjárhæð launa voru 34,6 m.kr. og launatengd gjöld 8,1 m.kr. Stöðugildi voru 4,6 á árinu 2010.

Hrein eign til greiðslu lífeyris og ávöxtun eignasafna

Hrein eign til greiðslu lífeyris nam 22.620 m.kr. í árslok 2010 og hækkaði um 4,3% frá fyrra ári. Nafnávöxtun var 7,1% og raunávöxtun nam 4,4%. Hrein raunávöxtun nam 4,1% á árinu 2010 en hún var 0,6% 2009. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðustu 5 ára nemur -1,1% og síðustu 10 ára 1,2%. Útkoma ársins 2010 er jákvæð þegar horft til raunávöxtunar eignasafna hjá sjóðnum. Lífeyrissjóður bænda hefur ekki þurft að skerða réttindi í kjölfar efnahagshrunsins. Lífeyrisséttindi sjóðsins eru verðtryggð og hafa því hækkað í takt við hækkun vísitölu neysluverðs.

Sjóðfélagalán

Virkir sjóðfélagar eiga rétt á lánum úr sjóðnum í samræmi við veðmörk eigna, að hámarki 25 m.kr. til allt að 40 ára. Heildarfjárhæð útistandandi lána var 1.623 m.kr. í lok árs 2010, jókst um 11,3% á árinu.

Eignastýring hjá tveimur fyrirtækjum

Rúm 90% af eignum sjóðsins er í fjárvörslu hjá tveimur aðilum, annars vegar Jöklum-Verðbréfum og hins vegar hjá Eignastýringu Arion banka. Hlutverk sjóðsins er því eftirlit með starfsemi fjárvörsluaðila, bæði að því er varðar fjárfestingarstefnu og einstakar fjárfestingar. Áhersla hefur verið lögð á að reglur um fjárfestingar þurfa í ríkari mæli að ná yfir gæði fjárfestinga og gagnsæi í viðskiptum.

Mikilvægi fjárfestingarstefnunnar

Fjárfestingarstefnan og árangur fjárfestinga hefur mikil áhrif á hvort lífeyrissjóður gæti þurft að breyta réttindum, hvort heldur auka þau eða skerða, og skiptir því sjóðfélaga miklu máli. Fjárfestingarstefna ákvarðar jafnframt þá áhættu og mögulegar sveiflur í ávöxtun. Reynslan hefur sýnt að virk stýring innan verðbréfaflokka skiptir litlu máli miðað við ákvörðun um hlutföll eignaflokka sem ákveðin eru í fjárfestingarstefnu. Við mat fjárfestingarstefnunnar þarf lífeyrissjóðurinn að taka afstöðu til grundvallarspurningar hvert samspil áhættu og ávöxtunar sjóðsins eigi að vera. Svárið felst m.a. í aldursamsetningu sjóðfélaga, markmiðum og áhættuþoli sjóðsins. Í ríkari mæli er horft til skuldbindinga sjóðsins og reynt að lágmarka líkur á því að skerða þurfi réttindi

framtíðinni. Fjárfestingarstefnan veitir svigrúm til að draga enn frekar úr fjárfestingaráhættu þar sem vægi ríkistryggðra bréfa hefur verið aukið. Hins vegar verður lífeyrissjóðurinn að nýta vel þau tækifæri sem bjóðast til aukinnar ávöxtunar.

Tryggingafræðileg staða

